



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Þorsteinn R. Hermannsson

---

### *Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um borgarlínu - R19070046*

Eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði var send umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar:

"Í allri þessari umræðu um borgarlínu er afar margt loðið og óljóst og sumt eiginlega óskiljanlegt. Þess vegna vill borgarfulltrúi freista þess að koma með nokkrar fyrirspurnir:

1. Hvar á götunni á borgarlínan/vagnarnir að aka? Á miðri götu eða hægra megin?
2. Hvers lags farartæki er hér um að ræða? Sporvagn, hraðvagnar á gúmihjólum, annað?
3. Hvað marga km. verður línan?
4. Hvað þarf marga vagna í hana?
5. Á hvaða orku verður hún keyrð?
6. Hver á að reka hana? Strætó? Ríkið? Sveitarfélög? Allir saman? Aðrir?
7. Hvar er hægt að sjá rekstrar- og tekjuáætlun borgarinnar fyrir borgarlínu?
8. Hvað myndi kannski kosta að reka 400 til 500 vagna?
9. Hvað þýðir þetta í skattaálögum á almenning?"

Að neðan er leitast við að svara spurningum sem fram koma að ofan.

1. Á þessu stigi liggur ekki fyrir ákvörðun um hvar í götuþversniðinu borgarlínuvagnar munu aka á hverjum götukafli. Gera má ráð fyrir að á köflum verði sérrými Borgarlínu í miðri götu og á öðrum köflum til hliðanna, allt eftir aðstæðum. Í því frumhönnunar- og skipulagsferli sem er framundan verða ákvarðanir um staðsetningu sérrýmis á hverjum kafla teknar.

2. Farartækin verða sérhannaðir strætisvagnar með aðgengi fyrir alla og geta farþegar gengið um borð um allar hurðir vagnsins. Farartækin eru lengri en hefðbundnir strætisvagnar og taka fleiri farþega.

3. Heildarkerfi innviða Borgarlínu í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins til 2040 (breyting

staðfest í maí 2018) er um 58 km að lengd. Í tillögu sem stýrihópur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins skilaði til samgönguráðherra í febrúar 2018 var gerð tillaga að 35 km löngu kerfi innviða fyrsta áfanga af Borgarlínu sem yrði tilbúinn í síðasta lagi 2030.

4. Ekki liggur fyrir formleg áætlun um fjölda vagna. Farþegaspár og reiknilíkanakeyslur, sem unnar verða í vetur, munu leiða í ljós nákvæman fjölda vagna sem þarf á hverja leið í almenningssamgöngukerfinu fyrir sig m.v. mismunandi tíðni og stærð vagna. Miðað við fyrstu hugmyndir að endurskoðuðu leiðakerfi almenningssamgangna sem nú er í vinnslu hjá Strætó bs. má búast við að borgarlínuvagnar geti orðið á bilinu 40 til 60 talsins.

5. Gengið er út frá að Borgarlínuvagnar verði keyrðir á innlendum vistvænum orkugjafa s.s. rafmagni, vetni eða metan.

6. Borgarlína verður hluti af heildarkerfi almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og gengið er út frá að sami aðili (Strætó bs.) sjái um rekstur og eftir atvikum útboð á rekstri heildarkerfisins.

7. Formleg rekstrar- og tekjuáætlun liggur ekki fyrir á þessu stigi. Unnið er að endurskoðun leiðakerfis almennra strætisvagna og leiðakerfi Borgarlínu samhliða. Að því loknu verður unnin rekstrar- og tekjuáætlun fyrir heildarkerfið.

8. Samkvæmt ársskýrslu Strætó bs. fyrir árið 2018 voru alls 157 vagnar í notkun hjá fyrirtækinu og verktökum þess, samtals óku vagnarnir um 11 milljón kílómetra á árinu. Rekstrargjöld í eigin akstur Strætó og akstur verktaka voru alls um 5,8 milljarðar króna. Það er fjölmargt sem hefur áhrif á rekstrarkostnað almenningssamgangna og því ekki hægt að fullyrða um rekstrarkostnað 400 til 500 vagna. Sem fyrr segir er unnið að endurskoðun á heildarkerfi almenningssamgangna, Borgarlínu og strætisvagna, og því ótímabært að segja til um fjölda vagna sem verður í akstri í framtíðinni. Líklegt er að fjöldi vagna verði af sambærilegri stærðargráðu og í rekstri dag.

9. Samkvæmt ársskýrslu Strætó bs. fyrir árið 2018 voru framlög sveitarfélaganna til rekstrar almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu um 3,6 milljarðar króna og framlag ríkisins 905 milljónir kr. Sem fyrr segir er unnið að endurskoðun leiðakerfis almennra strætisvagna og leiðakerfi Borgarlínu samhliða. Að því loknu verður unnin rekstrar- og tekjuáætlun fyrir heildarkerfið.



Þorsteinn R. Hermannsson  
Samgöngustjóri